

Stoðkerfi skólans

Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð nr. 584/2010 starfar nemendaverndarráð í Lundarskóla (sjá kafla 5.14).

Námsráðgjafi

Við skólann starfar námsráðgjafi í hlutastarfi (sjá nánar í kafla 6.7).

Iðjuþjálfari

Við skólann starfar iðjuþjálfari í fullu starfi og kemur hann fyrst og fremst að námsaðlögun nemenda með ADHD og hegðunarvanda. Skólaárið 2011 – 2012 er iðjuþjálfari í barnseignarleyfi.

Sérkennsla

Framvinda náms er háð þroskastigi einstaklingsins. Meginmarkmið með sérkennslu/grunnskólagöngu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi.

Sérkennsla eða námsaðlögun felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð til lengri eða skemmri tíma í samræmi við metnar sérþarfir skv. reglugerð nr. 585/2010. Sérkennarar og umsjónarkennarar hafa samráð um mat á stöðu nemenda og viðbrögð við niðurstöðum mats. Einstaklingsnámskrár eru sniðnar að þörfum nemenda sem að hluta eða öllu leyti fylgja ekki námsmarkmiðum árgangs.

Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan árgangs með námsaðlögun. Við mönnun hvers árgangs er tekið tillit til sérþarfa í nemendahópnum og kennslumagn aukið eins og kostur er. Stefna Lundarskóla er að hafa menntaða sérkennara í sem flestum árgangateymum.

Sérkennarar skólans annast ýmsar skimanir og greiningar ásamt starfsmönnum skólateymis fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og veita kennurum og foreldrum faglega ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Helstu próf- og greiningartæki skólans er að finna í skimunaráætlun skólans.